

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlanir:

*Deiliskipulagsbreyting, Öndverðarnes, Réttarhólsvegur 46.*

Í deiliskipulaginu felst skilgreining á 3.000 fm lóð ásamt byggingarheimildum fyrir íbúðarhús og geymslu allt að 300 fm í heild sinni. Nýtingarhlutfall lóðar skal ekki vera meira en 0,1. Samþykkt í sveitarstjórn 2. febrúar 2022.

*Deiliskipulagsbreyting, Hraunborgir í landi Hraunkots.*

Í breytingunni felst að heimildir er varða stærðir aukahúsa eru auknar úr 25 fm í 40 fm. Samþykkt í sveitarstjórn 6. apríl 2022.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

*Laugarvatni, 4. maí 2022.*

Skipulagsfulltrúi Umhverfis- og tæknisviðs uppsveita bs.,

**Vigfús Þór Hróbjartsson.**

---

B-deild – Útgáfudagur: 18. maí 2022